

eiganda og útgerðarmanni skipsins að greiða dánarbúi hans fébætur fyrir eignir hans, er fórust við sjóslysið.

M/s Helgi Ve. 333 var samkvæmt skipaskrá Vestmannaeyja að stærð 114,75 rúmlestir brúttó og 60,34 rúmlestir nettó. Samkvæmt 2. gr. og niðurlagi 4. gr. reglna nr. 13/1945 ber stefnda að greiða dánarbúinu kr. 1700.00 í bætur fyrir eignatjón við sjóslysið, að viðbættri verðlagsuppbót. Kauplagsvísitalan í janúar 1950 var 300, og nema því bæturnar kr. 5100.00. Verður því krafa stefnanda tekin til greina að fullu og ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Svo þykir og rétt að ákveða, að stefndi greiði stefnandanum kr. 850.00 í málskostnað.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 30 frá 1. febr. 1936 hefur stefnandi lögveðrétt í tryggingarfé m/s Helga Ve. 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnandanum, Huldu Hallgrímsdóttur f. h. dánarbús Gústafs Runólfssonar, kr. 5100.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1950 til greiðsludags og kr. 850.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Stefnandi hefur lögveðrétt í tryggingarfé m/s Helga Ve. 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 10. nóvember 1952.

Nr. 84/1952. **Ákærvaldið** (Einar Ásmundsson)  
gegn

**Guðna Ragnari Þorgrímssyni**  
(Ragnar Ólafsson)

og

**Júlíusi Magga Magnús** (Sigurgeir Sigurjónsson).

Bifreiðaslys. Brot gegn 219. gr. laga nr. 19/1940, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Háttsemi ákærða Guðna Ragnars Þorgrímssonar, sem lýst er í forsendum hins áfrýjaða dóms, varðar við refsiboð þau, sem þar eru talin. Þykir refsing ákærða af héraðsdómara

hæfilega ákveðin 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 bera að svipta ákærða ökuleyfi bifreiðarstjóra 3 mánuði.

Ákærði Júlíus Maggi Magnús hefur lýst því, að hann hafi, er slysið varð, ekið yfir gatnamótin með 25—30 km hraða, og benda atvik málsins, einkum hversu áreksturinn var harður, til þess, að hraði bifreiðar hans hafi sízt verið minni. Hefur ákærði því gerzt sekur um brot gegn lagaákvæðum þeim, sem í héraðsdómi greinir. Er refsing hans þar hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar varðhald 3 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Hvor hinna ákærðu greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 600.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 900.00.

Það athugast, að héraðsdómari hefur ekki gert grein fyrir því, hvers vegna skaðabótakrafa sú, er höfð var uppi í málinu, var ekki tekin til frekari meðferðar, sbr. 145. gr. laga nr. 27/1951.

#### Dómsorð:

Ákærði Guðni Ragnar Þorgrímsson greiði 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann skal sviptur ökuleyfi 3 mánuði.

Ákærði Júlíus Maggi Magnús greiði 200 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði Guðni Ragnar Þorgrímsson greiði málflutn-

ingslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 600.00.

Ákærði Júlíus Maggi Magnús greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 600.00.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Einars Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 900.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. apríl 1952.**

Ár 1952, föstudaginn 18. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómarar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1139—40/1952: Ákærvaldið gegn Guðna Ragnari Þorgrímssyni og Júlíusi Magga Magnús, en mál þetta var dómtekið 1. þ. m.

Í máli þessu er Guðni Ragnar Þorgrímsson verkamaður, Mávahlið 43, ákærður fyrir að hafa brotið 3. mgr. 23. gr., 4. og 5. sbr. 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941, 2. gr., 2. og 3. mgr. 4. gr. og 5. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 24/1941, 1. mgr. 28. gr. og 46. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930, 219. sbr. 218. gr. laga nr. 19/1940 og fyrirmæli um aðalbrautir, sett samkvæmt 7. gr. umferðarlaga, með því að aka bílnum R 3139 um kl. 8.10 30. maí f. á. norður Lönguhlíð og út í gatnamót Lönguhlíðar og Miklubrautar of hratt og ógætilega og án þess að virða umferðarrétt bílsins R 308, er var ekið vestur Miklubraut, sem er aðalbraut, á þessum tíma út í nefnd gatnamót, með þeim afleiðingum, að árekstur varð milli bílanna og þeir skemmdust talsvert, og ökumaður bílsins R 308 hlaut töluverð meiðsl. Þá er ákærði og talinn hafa ekið bílnum í umrætt skipti haldinn slíkri þreytu og sljóleika vegna mikillar vinnu næstu daga á undan og svefnleysis, að hann gat ekki á tryggilegan hátt stjórnað bílnum.

Júlíus Maggi Magnús forstjóri, Hæðargarði 26, er ákærður fyrir að hafa brotið gegn 4. og 5. sbr. 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. laga nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 24/1941 og 46. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur með því að aka bílnum R 308 í framangreint skipti vestur Miklubraut og út í gatnamót Miklubrautar og Lönguhlíðar of hratt og ógætilega með þeim afleiðingum, að hann varð meðvaldur að árekstri þeim, er áður getur.

Hinir ákærðu ákærast báðir til refsingar og greiðslu skaðabóta og málkostnaðar og Guðni Ragnar auk þess til sviptingar ökuleyfis samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna, Guðni Ragnar fæddur 20. júní 1925 og Júlíus Maggi 20. febr. 1921. Þeir hafa sætt refsingum, sem hér segir:

Ákærði Júlíus Maggi Magnús:

- 1940 5/11 Áminning fyrir að sinna ekki umferðarmerki lögreglu.  
 1942 1/5 Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik og að flytja vín af veitingastað. Fellt niður.  
 1942 5/5 Sátt: 100 króna skaðabætur fyrir líkamsmeiðingu.  
 1948 5/7 Sátt: 50 króna sekt fyrir ofhraða á bifreið.  
 1948 21/12 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.  
 1949 22/2 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.  
 1949 23/11 Sátt: 50 króna sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.  
 1950 3/5 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.  
 1950 15/7 Dómur: 12 daga varðhald og sviptur ökuleyfi í 8 mánuði fyrir ölvun við akstur bifreiðar.

Ákærði Guðni Ragnar Þorgrímsson:

- 1951 24/5 Sátt: 50 króna sekt fyrir brot á 10. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 30. maí f. á. um kl. 8 f. h. ók ákærði Júlíus Maggi Magnús bifreið sinni R 308, sem er 4 manna fólksbifreið af gerðinni Ford, árg. 1936, vestur Miklubraut og var einn í bifreiðinni. Er hann kom að mótum Lönguhlíðar og Miklubrautar, var bifreiðin R 3139, sem er 6 manna fólksbifreið, Chrysler, árg. 1934, að koma að gatnamótunum sunnan Lönguhlíð. Ákærði Guðni Ragnar stýrði þessari bifreið. Bar honum að nema staðar við gatnamótin, meðan R 308 færi fram hjá, þar sem Miklubraut er aðalbraut. Í stað þess ók hann bifreið sinni út í gatnamótin í veg fyrir R 308, og varð nú árekstur milli bifreiðanna, þannig að framendi R 308 lenti á hægri hlið R 3139. Báðar bifreiðarnar urðu fyrir miklum skemmdum. Brotnaði framstuðari R 308 af, vatnskassahlíf og vatnskassi eyðilögðust, framaurbretti beygluðust, vélarhúshlífur dælduðust og gengu aftur, en R 3139 beyglaðist mikið hægra megin.

Ákærði Júlíus Maggi kveðst hafa ekið með hóflegum hraða og dregið úr hraðanum, er hann nálgast gatnamótin. Þá kveðst hann hafa séð R 3139 koma sunnan Lönguhlíð, og hafi hún virzt á hóflegum hraða, og segir Júlíus, að sér hafi virzt dregið úr hraða hennar, er hún nálgast gatnamótin, og jafnframt hafi ökumaðurinn litið við, og taldi Júlíus þá, að hann sæi til ferða R 308. Kveðst Júlíus því hafa stigið á ný á benzín-gjöfina og beint athygli sinni frá R 3139 og hugað að annarri umferð. Þá hafi hann orðið var við, að R 3139 var ekið í veg fyrir R 308, og hafi nú engum togum skipt, að orðið hafi árekstur. Ekki kveðst hann hafa getað gert sér grein fyrir, hvort honum vannst tími til að hemla, áður en áreksturinn varð, en eftir slysið hafi lögreglan bent sér á örstutt hemla-för eftir bifreiðina, og af því megi sjá, að hann hafi hemlað.

Ákærði Guðni Ragnar kveðst hafa ekið fremur hægt, eða innan við 30 km hraða, miðað við klukkustund, norður Lönguhlíð. Hann jatar, að

hann hafi ekki sýnt næga aðgæzlu við gatnamótin, og hafi orsökina verið sú, að er hann nálgast gatnamótin, hafi hann heyrt eitthvert skrölt aftur í bifreiðinni og þá litið aftur til að gæta að, hvað um væri að vera, en ekki stöðvað bifreiðina, og hafi hún því runnið inn á gatnamótin, án þess að hann tæki eftir R 308, fyrr en í ófni var komið. Kveðst hann hafa séð R 308 svo seint, að hann hafi ekkert getað gert til að afstýra árekstri.

Ákærði Guðni Ragnar kveðst hafa verið dálítið þreyttur og syfjaður, enda hafi hann næstu daga á undan unnið lengi frameftir, en vaknað snemma á morgnum. Einnig hafi hann verið nýstiginn upp úr veikindum. Ekki kveðst hann þó hafa verið neitt verulega miður sín.

Við áreksturinn kastaðist Júlíus Maggi fram og rak hnéð í stýrslæsingu bifreiðarinnar með þeim afleiðingum, að hnéskel hans brotnaði. Samkvæmt vottorði Landsspítalans voru gipsumbúðir settar um fótinn, og voru þær fyrst teknar af hinn 4. júlí, og var hnéð þá ekki jafngott.

Ákærði Guðni Ragnar Þorgrímsson stöðvaði eigi bifreið sína við nefnd gatnamót, eins og honum bar, með því að Miklabraut er aðalbraut. Hefur hann þannig unnið til refsingar samkvæmt 14. gr. umferðarlaga. Honum bar að stöðva bifreið sína, ef hann þurfti að athuga aftur í hana, en það gerði hann ekki, heldur lét bifreiðina renna áfram án þess að sýna nokkra aðgát. Þessi háttsemi varðar við 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941 og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 24/1941. Eigi þykir upplýst, að ökuhraði bifreiðar hans hafi út af fyrir sig verið ólöglega mikill. Eigi þykir heldur gerlegt að slá því föstu, að ástand hans hafi verið slíkt, sem um ræðir í 3. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941, enda telur hann sjálfur, að hann hafi ekki verið verulega miður sín, og ekki telja lögregluþjónar þeir, er á staðinn komu eftir áreksturinn, að neitt hafi verið athugavert að sjá við ástand ákærða. Leiðir þetta til þess, að ákærði Guðni Ragnar verður sýknaður af ákæru um brot á 23. og 26. gr. laga nr. 23/1941 og 46. gr. lögreglusamþykktar.

Gáleysi ákærða Guðna Ragnars leiddi til þess, að meðákærði hlaut mikil meiðsl. Hefur ákærði Guðni Ragnar því brotið 219. gr. sbr. 218. gr. laga nr. 19/1940.

Þykir refsing ákærða Guðna Ragnars hæfilega ákveðin 800 króna sekt til ríkissjóðs, og afplánist hún varðhaldi 8 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ekki þykir ástæða til að svipta hann ökuleyfi bifreiðarstjóra.

Ákærði Júlíus Maggi þykir ekki hafa sýnt svo mikla aðgæzlu sem skyldi. Bar honum, enda þótt hann ætti umferðarréttinn, að gæta vel að umferð, er hann ók yfir gatnamótin, en það virðist hann ekki hafa gert, enda er svo að sjá, að hann hafi verið búinn að missa algerlega sjónar á R 3139, áður en áreksturinn varð, enda þótt hún væri þá á leið í veg fyrir bifreið hans. Það, hve áreksturinn var harður, bendir til þess, að hraða R 308 hafi ekki verið nægilega í hóf stillt. Þykir þessi ákærði því hafa brotið ákvæði þau, er í ákæru greinir. Aðalorsökina að árekstrinum verður þó að telja gáleysi ákærða Guðna Ragnars, er áður er rakið. Þykir refsing ákærða Júlíusar Magga hæfilega ákveðin 200 króna sekt

til ríkissjóðs, og afplánist hún 3 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Bótakröfum hefur ekki verið komið að í málinu.

Dæma ber hina ákærðu til að greiða allan sakarkostnað in solidum.

#### Dómsorð:

Ákærði Guðni Ragnar Þorgrímsson greiði 800 króna sekt til ríkissjóðs, og afplánist sektin 8 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Júlíus Maggi Magnús greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og afplánist sektin 3 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar in solidum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. nóvember 1952.

Nr. 161/1950. **Kirkjusandur h/f** (Sveinbjörn Jónsson)  
 gegn

**Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna**

(Einar B. Guðmundsson).

Miðlun vaxta- og geymslukostnaðar hraðfrysts fisks í frystihúsum innan félagssamtaka Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Eigandi frystihúss bundinn af samþykktum á fundum sölusamtakanna um þetta efni.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1950. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að stefnda verði dæmt skylt að greiða áfrýjanda eftirstöðvar af andvirði hraðfrysts fisks, sem stefndi seldi vegna áfrýjanda á árinu 1947, en stefndi hefur haldið eftirstöðvum þessum til lúkningar geymslu- og vaxtagjaldi því, sem í málinu greinir.

Varakrafa: Að dæmt verði, að stefnda sé heimilt að halda eftir af nefndu andvirði fé einungis til lúkningar umræddu vaxtagjaldi.